

Bjart framundan hjá Geðhjálp

16.12.2013

Hátt í 100 félagar, aðstandendur og samstarfsaðilar Landssamtakanna Geðhjálpar hlýddu á tónlist, tóku lagið og skemmtu hver öðrum í innflutningsteiti samtakanna í Borgartúni 3 þann 29. nóvember síðastliðinn. Landssamtökin seldu nýverið húseign sína við Túngötu 7 í því skyni að létta skuldum af félaginu og stuðla að markvissari starfsemi. Geðhjálp gekk í ÖBÍ eftir nokkurt hlé á síðasta aðalfundi bandalagsins.

Landssamtökin Geðhjálp voru stofnuð þann 9. október 1979. Markmið samtakanna hefur frá upphafi verið að bæta geðheilbrigði, veita fræðslu og vinna

gegn fordómum gagnvart geðröskunum. Lengi vel sinntu samtökin ýms konar þjónustu við geðfataða ásamt því að veita ráðgjöf, taka þátt í stefnumótun og hagsmunagæslu á geðheilbrigðissviðinu.



Vatnaskil urðu í starfsemi Geðhjálpar við skipun nýrrar stjórnar samtakanna í vor. Stjórnin ákvað að leggja niður rekstur félagsmiðstöðvar og mótuneytis í Túngötunni og láta félögum á borð við Klúbbnum Geysi og Vin eftir að sinna slíkri þjónustu. Ekki þótti heldur eðlilegt að samtökin sætu beggja vegna borðs, þ.e. sinntu sjálf þjónustu og eftirliti með annarri þjónustu.

Í kjölfar stefnubreytingarinnar var ákveðið að selja húseign félagsins við Túngötu og leigja húsnæði undir starfsemi í Borgartúni 3. Um svipað leyti voru tveir nýir starfsmenn ráðnir til samtakanna – Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri, og Linda Dögg Hólm, ráðgjafi. Óhætt er að segja að fyrstu vikur þeirra í starfi hafi einkenst af því að tæma húsið við Túngötu enda hafði farið þar fram fjölbreytt starfsemi á vegum samtakanna um árabilinn í vor. Stjórnin ákvað að leggja niður rekstur félagsmiðstöðvar og mótuneytis í Túngötunni og láta félögum á borð við Klúbbnum Geysi og Vin eftir að sinna slíkri þjónustu. Ekki þótti heldur eðlilegt að samtökin sætu beggja vegna borðs, þ.e. sinntu sjálf þjónustu og eftirliti með annarri þjónustu.

Landssamtökin Geðhjálp líta björtum augum til framtíðar samtakanna. Samtökin búa að góðum orðspor, kraftmikilli stjórn og starfsmönnum. Stefnumótunarvinna samtakanna er í fullum gangi og er stefnt að því að hún taki gildi um áramót. Áhersla verður lögð á fyrstu ráðgjöf við notendur og aðstandendur, starfsemi sjálfshjálparhópa og hagsmunagæslu. Jafnframt munu samtökin efnast til reglulegra viðburða, halda ráðstefnur, stuðla að geðrækt og vinna gegn fordómum í samfélaginu.



Forsvarsmenn Geðhjálpar hafa fundið fyrir auknum áhuga á starfsemi samtakanna á undanföllum vikum og mánuðum. Skilningur fólks á geðröskunum virðist fara vaxandi með þeim afleiðingum að viðhorf þess gagnvart andlegum erfiðleikum verður sífellt jákvæðara. Með tilliti til þess að einn af hverjum fjórum íbúum í hinum vestraena heimi greinist einhvern tíma á ævinni með geðröskun verður heldur ekki lítið framhjá því að geðraskanir snerta nánast hvern einasta fullorðinn íbúa í samfélaginu með einum eða öðrum hætti.



Áhugasömum um Landssamtökin Geðhjálp er bent á heimasíðuna samtakanna www.gedhjalp.is. Hægt er að skrá sig í Geðhjálp í gegnum netfangið gedhjalp@gedhjalp.is.